

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á [visir.is](#) og [mbl.is](#)

FEBRÚAR 2023

2. tbl. 30. árg.

Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér. Ég sendi atvinnuljósmyndara að taka myndir þér að kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar draumaeignin kemur í sölu þá setjum við þína eign í sölu og höldum opið hús áður en opna húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina þá greiðir þú ekkert.

Frítt verðmat!

ÞORLÁKUR
S: 699 4675
thorlakur@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
fastlind.is | nyjaribudir.is

Verður Árbæjarstífla tekin niður

Mögulega verður Árbæjarstífla tekin niður á næstu árum. Málið tengist endurheimt náttúrugæða eftir að orkuframleiðslu var hætt í Elliðaárstöð. Á síðasta fundi umhverfis og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar var lagt fram bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur frá 31. janúar sl. um samstarf um endurheimt náttúrugæða í Elliðarárdal vegna niðurlagningaráætlunar Elliðaárvirkjunar og endurskoðunar á gildandi deili-skipulagi svæðisins.

Eftir að ljóst varð að raforkuvinnslu í Elliðaárvirkjun væri hætt um fyrirsjáanlega framtíð, hvílir sú skylda á Orkuveitu Reykjavíkur, skv. 79. gr. vatnalaga, að skila niðurlagningaráætlun til Orkustofnunar. Áætlunin skal m.a. greina frá því hvernig umhverfi virkjunarinnar verður fært til fyrra horfs eins og kostur er. Í þessu ljósi samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi sínum 28. nóvember sl. að settur yrði á fót sameiginlegur stýrihópur Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um endurheimt náttúrugæða í Elliðarárdal eftir að raforkuvinnsla í Elliðaárvirkjun er lögð af, með fulltrúum Orkuveitu Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og



Árbæjarstífla áður var tæmt úr Elliðaárlóninu.

íbúaráða Árbæjar og Norðlingaholts og Breiðholts. Eins og skipan stýrihópsins ber með sér lítur Orkuveita Reykjavíkur svo á að mikilvægt sé að framkvæmdir samkvæmt niðurlagningaráætlun fái stoð í skipu-

lagsáætlunum Reykjavíkurborgar. Ljóst er að Sjónárvæðing verður af ef Árbæjarstíflan verður tekin niður en sú gæti orðið niðurstaðan árið 2025. Kostnaður við það er talin verða um 156 milljónir.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á [lyfjaval.is](#)

Veldu að sækja í næsta apótek eða fáðu sent heim.

Lyfjaval



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Netverslun:
systrasamlagid.is

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi
www.bilarogtjon.is

- bls. 8

Einföld, fjölnota og yfirlætislaus kirkjumiðstöð

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTID

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
2. tbl. 30. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Framtíð á Hólmsheiði

Eftir að Reykjavíkurborg auglýsti eftir fyrirtækjum sem kynnu að hafa áhuga á að koma upp starfermi á Hólmsheiði hafa forsvarsmenn nokkurra stórra fyrirtækja látið áhuga í ljós.

Hugmyndir eru um að byggja þar upp umhverfi atvinnureksturs og er deiliskipulagsvinna þegar hafin. Áætlað er að skipulag verði samþykkt á næsta ári og fyrstu lóðir verði byggingarhæfar árið 2024.

Ljóst hefur verið um tíma að Reykjavíkurborg hefur verið nauðsyn lá að skipuleggja nýtt athafnasvæði utan núverandi byggðar. Íbúðabyggð hefur verið og er að þenjast út og er að ýta mörgum atvinnufyrirtækjum í burtu. Sú þróun er ekki ný í borgarsögunni. Búsvæði hafa ýtt atvinnustarfsemi frá sér.

Hið fyrirhugaða byggingasvæði er 87 hektarar sem gera á byggingarhæft í áföngum.

Landbrot til bygginga af þessari stærðargráðu hefur ekki sést í Reykjavík síðan land býlisins Breiðholts og síðar Grafarvogslandið voru skipulögð undir íbúðabyggð.

Miklir framtíðarmöguleikar eru á Hólmsheiði fyrir margskonar atvinnurekstur. Áhersla er lögð á að um umhverfisvæna starfsemi verði að ræða.

Verði af þessum áformum sem nokkuð má ljóst vera að gangi eftir er verið að nyta mikla möguleika til uppbyggingar innan borgarlandsins. Öflug framtíð mun birtast á Hólmsheiði.

Arnarbakki og Völvufell

Íbúaráð Breiðholts ýtir á eftir framkvæmdum



Arnarbakki í Breiðholti. Íbúaráðið er farið að ýta á eftir framkvæmdum í takt við nýtt skipulag.

Íbúaráð Breiðholts leggur áherslu á að framkvæmdir hefjist sem fyrst við þau svæði sem eru tilbúin til framkvæmda eins og við Arnarbakka og Völvufell. Ráðið hvetur einnig til að skilgreindar safngötur líti dagsins ljós og næstu skref við Vetrargarðinn taki á sig mynd.

Telur íbúaráðið mikilvægt að gert verði hjólakort í framhaldinu sem byggir á vinnu hverfisskipulagsins þar sem hjólaleiðir innan hverfis til skóla, íþróttamannvirkja og þjónustustaða og milli hverfishluta verði dregnar fram

og gerðar aðgengilegar í anda 15 mínútna hverfisins.

Þrír hópar verða valdir til uppbyggingar á grænu húsnæði í Breiðholti. Hópur sem standur saman af Vistbyggð, Eflu og Arkís arkitekta verður boðið til samninga við borgina um uppbyggingu við Völvufelli 13 til 23. Þá mun Reykjavíkurborg ræða við hóp Arkþings Nordic, Eflu, S8 og Þingvangs um lóðina Völvufell 43. Hópur á vegum Alverks, Grímu, Tendru og VSÓ mun svo koma að borðinu um lóðina að Arnarbakka 6.

Íbúaráð Breiðholts

Vill kanna möguleika á frístundaheimili í húsnæði ÍR



Myndin var tekin við vígslu hins nýja íþróttahúss ÍR á liðnu sumri. Mjög góð aðstaða er nú til margskonar starfsemi á svæði félagsins.

Íbúaráð Breiðholts hefur lagt fram að nýju tillögu um að kanna möguleika á stofnun frístundaheimilis í húsnæði ÍR í Mjódd. Tillagan var áður á dagskrá íbúaráðsins 7. september á liðnu ári. Þar segir meðal annars að íbúaráðið telji mikilvægt að horft verði til áframhaldandi samstarfs við ÍR í Suður-Mjódd, meðal annars til að samþætta vinnudag barna í Breiðholti og nýta þá innviði sem fyrir hendi eru í anda Græna plansins.

Í tillögunni frá 7. september kallaði íbúaráðið eftir þarfagreiningu og kostnaðarmati sem fyrst, þar sem komið verði inn á hvort núverandi aðstaða í ÍR geti

nýst, óbreytt eða hvort þurfi að fara í framkvæmdir til að aðlaga húsnæðið og hvað slíkar breytingar myndu kosta. Íbúaráðið telur mikilvægt að skóla- og frístundarsvið og íþróttar- og tómsundasvið bregðist hratt við og skoðaðir verði möguleikar á því að setja upp frístundaheimili í húsnæði ÍR sem muni þjónusta börn og foreldra í Breiðholti í anda þess sem gert var í Austurbergi. Skipulagt íþróttar- og tómsundastarf fyrir börn og ungmenni er miklu stærra og meira en bara íþróttin eða tómsundin ein og sér. Íbúaráðið bendir á að með því að taka þátt opnast lykill að svo mörgum öðrum mikilvægum dyrum er skipta börn og ungmenni máli.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð 9-18 virka daga.



TAKK ÉG

Þú munt þakka þér fyrir sparnaðinn



VIÐTALIÐ

Hér er allt að gerast

- segja Mariska Kappert og Mirela Protopapa í Gerðubergi

Mariska Kappert og Mirela Protopapa starfa sem verkefnastjórar hjá fjölskyldu-miðstöðinni í Gerðubergi. Eitt af verkefnum þeirra að er skipuleggja og annast um félagsstarfið sem fram fer á neðri hæðinni í húsinu. Mariska er frá Hollandi og hefur búið hér á landi og starfað um tíma en Mirela á sér lengri búsetu að baki. Hún er ættuð frá Albaníu en hefur búið í Breiðholti undanfarin ár. Hún starfaði meðal annars við verkefnið Menntun núna sem var tilraunaverkefni á vegum menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, aðila vinnumarkaðarins og fræðslustofnana með það að markmiði að auka ráðgjöf og stuðning við menntun í Breiðholti ekki síst með tilliti til fólks af erlendum uppruna. Hún hefur langa reynslu af því að starfa með fólki af erlendum uppruna sem hefur verið og er að móta sér líf í nýjum heimkynnum.

Þær segja mjög fjölbreytt félagsstarf vera í Gerðubergi. Starfið sé byggt á styrkum rótum til margra ára en sífellt reynt að vera með breytingar og leggja áherslu á nýjungar. Félagsstarfið sé öllum opið en meira nýtt af eldra fólki en því yngra. Fólkið sem komið sé af vinnumarkaði en margt við góða heilsu og hafi áhuga á að finna sé eitthvað að gera fyrir utan að hitta fólk, fá sér kaffi og spjalla saman. Á tíma kóvid hafi dregið nokkuð úr félagsstarfinu eins og öðru sem byggist á að fólk komi saman en nú sé það að ná sér á strik. „Suma daga er fullt hús og fólk mætir daglega. Eins og það sé að sækja vinnu. Vera má að einhverjir stilli klukkuna eftir dagskránni hér hjá okkur sem er af hinu góða,“ segja þær Mariska og Mirela, Mariska á sér skemmri sögu her á landi. Hún fékk þriggja mánaða leyfi frá störfum í Hollandi til að koma hingað. Hún fékk vinnu, líkaði dvölin vel og ákvað að vera áfram. Mirela er tungumálamanneskja sem hefur talað algerlega óaðfinnanleg íslensku árum saman og Mariska

hefur þegar náð góðum tókum á tungumálinu. Fólk sem stundar félagsstarfið eða hefur áhuga á að slást þar í hóp þarf því ekki að óttast að mæta forstöðu manneskjum sem skilja ekki íslensku.

Margir fastir liðir í félagsstarfinu

Þær voru beðnar að segja frá föstum liðum í félagsstarfinu. „Já, frá mánudögum til föstudaga erum við með opna vinnustofu í Bukollulaut frá kl. 8.30 á morgnana. Á mánudögum er dansleikfimi með Auði Hörpu kl. 10:00 og síðan er kóræfing á milli kl. 13.00 og 15.00. Á þriðjudögum byrjar gönguhópur sem stundar bæði göngur og leikfimi kl. 10.00. Listaspýrur eru að starfi frá kl.13.00 til til 16.00 og boðið er upp á bókband frá kl. 13 til 16. Á miðvikudögum er Memm fjölskyldustund á milli kl. 10.00 og 12.00. Þar hittast gjarnan foreldrar, mæður og feður með ung börn. Þetta eru tilvaldar stundir til þess að kynnast og skiptast á skoðunum og áhugamálum um uppeldið.



Mirela Protopapa og Mariska Kappert.

Félagsvist er spiluð milli kl. 13.00 og 15.30 og ekki má gleyma pólska bókasafninu sem er opið frá kl. 15.30 til 18.30. Taflfélag er einnig starfandi á milli kl. 18:30 og 20:30. Á fimmtudögum er dansaður línudans á milli kl. 11.00 og 12.00. Línudansinn er mjög vinsæll og margir skemmta sér vel á gólfinu. Bútasamur er síðan frá kl. 13:00 til 16:00. Á föstudögum fer

gönguhópurinn af stað kl. 10:00 og þrjónakaffi er frá kl. 10:00 til 12:00. Oft er mjög fjölmennt í þrjóna kaffinu. Kóræfing er síðan á milli kl. 13:00 og 15:00.

Eldra fólkið getur verið góður tungumálaskóli

„Ég kom til Íslands eftir að hafa fengið þriggja mánaða leyfi frá störfum í Hollandi. Mér líkaði

strak vel. Fólk tók mér ágætlega og ég byrjaði að starfa hér í félag-miðstöðinni í febrúar á liðnu ári eða fyrir um einu ári síðan,“ segir Mariska sem talar mjög góða íslensku eftir ekki lengri tíma. Var það ekki erfitt. Hún viðurkennir það. „En eftir að ég fór að vinna hér kom íslenskan fljótt. Eldra fólkið talar oft ekki mikla ensku og það er einnig svo þolinmótt. Það er gott að hlusta á það og læra af því. Mirela tekur undir þetta. Segir að vinna með eldra fólki hjálpi mikið við að ná tungumálinu. Yngra fólk sem vanara sé að nota ensku fari frekar yfir í hana þegar fólk af öðru málsvæði er að ræða. „Eldra fólkið getur verið mjög góður tungumálaskóli þegar þarf að ná tókum á Íslensku,“ segir Mariska. Hún starfaði að félagslegum verkefnum sam-bærilegum sem hún sinnir í dag áður en hún kom hingað til lands. Starfaði við félags- og fræðslumál sem kemur henni til góða í vinnu fyrir fjölskylduþjónustuna og félagsstarfið. „Þetta hentaði mér mjög vel.“ Mirela kom til starfa um það leyti sem Guðrún Jónsdóttir sem byggði félagsstarfið upp frá byrjun féll skyndilega frá fyrir aldur fram. „Ég man aðeins eftir henni. Öflug og áhugasöm kona. Það var erfitt að taka við. Koma í hennar stað. Veit ekki hvort nokkur hefði getað það.“ Þær minnst á Önnu Kristínu Bjarnadóttur sem kom til starfa í félagsstarfi í Gerðubergi á þeim tíma en tók síðan við félagsstarfinu í Árskógum. Mirela var komin til starfa á þeim tíma en Mariska hefur kynnst henni eftir að hún kom. „Öflug og frábær kona sem hefur drifið starfið áfram,“ segja þær.

Viljum blása meira lífi í starfið

Nú er málið að fá sem flesta til að koma og notfæra sér félagsstarfið Gerðubergi. Mariska segir að eftir kolvid faraldurinn hafi orðið sprenging í starfinu. „Fólk var orðið

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tókum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Sumbadans í félagsstarfinu í Gerðubergi er alltaf vinsæll.



Frá tölvunámskeiði í Gerðubergi.

svelt eftir að komast út og geta hitt félagasína og aðra. Það var augljóslega að leita eftir félagsskap. Að geta hitt annað fólk og sinna áhugamálum sínum.“ Mariska og Mirela segja að margt af sama fólkinu hafi komið aftur. Fólk sem hafði lengi verið í félagsstarfinu en einnig hafi nýtt bæst í hópinn. Það sé ánægjulegt. „Við viljum blása meira lífi í starfið og félagsskapinn.“

Unga fólkið og afar og mömmur að koma með börnin

En er eitthvað nýtt á döfinni í félagsstarfinu í Gerðubergi. „Já hér er allt opið. Vil viljum opna allar dyr og hugann. Vera opin fyrir öllu sem

er í kringum okkur. Opna allt upp á gátt eins og sagt er á góðri íslensku. Hér er allt að gerast.“ Þær byrja á að minnst á Memm fjölskyldustundina á miðvikudögum. „Þá er fólk að koma með börnin sín. Ungar mæður og feður og afar og ömmur kom líka með börnunum. Þetta er afar ánægjulegt og þarna blandast kynslóðirnar og tengjast saman.“

Allir eiga að vera partur af samfélaginu

Pólski skólinn á sér sögu í Breiðholti. Þangað koma börn fólks af pólskum ættum og læra pólska tungu og ýmislegt um sögu Póllands. Pólski skólinn sinnir fræðslu fyrir pólsk börn

um rætur sínar sem annars njóta hefðbundinnar skólagöngu hér á landi. „Við erum í sambandi við Pólska skólann og nú er Pólska bókasafnið komið hingað. Það er opið á miðvikudögum og vel sótt. Bæði börn og fullorðnir koma þangað. Þar getur fólk talað saman á móðurmálinu. Þar er hægt að fá bækur, vinna með tölvur og annað sem tengir fólk við pólsku og Pólland sem eitt sinn var heimaland þess.“ Annar hópur hittist og á sér samastað í Gerðubergi. Það er fólk sem á sér samtöl um trúarbrögð og lífsskoðun. Þessi hópur hittist fjórum til sex sinnum á ári og líkar ákaflega vel að koma í Gerðuberg. „Þetta er fjölskyldustaður“, bætir Mirela við og segir merkilegt að

heyra fólk frá ýmsum trúar- og menningarheimum koma saman og spjalla. „Þær nefna íslenskunámskeið fyrir börn sem eru í leikskólum og kennslu fyrir fólk. „Ég vil líka nefna sundnámskeið fyrir konur. Sumar konur sem koma hingað frá öðrum löndum hafa aldrei lært að synda. Misjafnt er eftir löndum hversu mikil áhersla er lögð á sund. Það hafa ekki allir jafn mikið ef heitu vatni og við. Rotryklúbbur hefur aðstöðu í Gerðubergi og hittist reglulega á hverjum mánudegi. „Rótaryfólk hefur góðgerðarmál meðal annars á stefnuskrá sinni og er stundum að spyrja hvað það geti gert fyrir samfélagið í Breiðholti,“ segja þær. „Fólk kemur með hugmyndir um hvað það geti

gert. Þetta er partur af félaginu.“ Aðstaðan í Gerðubergi er sprungin. Starfið hefur afnot af herbergjum í Miðbergi sem er í næsta húsi. Þær nefna námskeið með Rauða krossinum. Námskeiðum og öðrum viðburðum í félagsstarfinu fer fjölgandi. „Nú er fólk sem hefur flúið stríðið í Úkraínu farið að koma og einnig fólk frá Venesúela. Að auka við reynslu, framþróun og hæfni er markmið okkar og við notum hjartatungumálið - ekki bara íslensku. Áherslan er á að allir eigi að vera partur af samfélaginu.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndis Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Pórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Próstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstn. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstn. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónasson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Glád
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Samningur um stuðning við börn í viðkvæmri stöðu



Frá undirritun samningsins í Suðurmiðstöð.

Undirritaður hefur verið samstarfssamnings um aukinn stuðning við börn í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Að samningnum standa Reykjavíkurborg, lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Fjölbrotaskólinn í Breiðholti. Skrifu var undir samstarfsfyrirlýsingu miðvikudaginn 8. febrúar í Suðurmiðstöð í Mjóddinni í Breiðholti.

Miðstöðvar Reykjavíkurborgar hafa til áratuga þróað samstarf í hverfum borgarinnar, þvert á stofnanir Reykjavíkurborgar, íbúum til hagsbóta. Síðustu þrjú ár hafa velferðar- og skóla- og frístundastofur þróað verkefnið Betri borg fyrir börn þar sem stjórnendur þessara stofnana í miðstöðvunum deila vinnuáðstöðu, starfa saman í teymum og leggja allt kapp á að styðja börn í þeirra nærumhverfi, m.a. í skólum og frístundastarfi. Þess utan hefur byggst upp mikið samstarfsnet í hverfum borgarinnar með þátttöku íþróttafélaga, tónlistar- og dansskóla, bókasafna, sundlauga og annarra sem sinna frístunda-, menningar og frístundastarfi fyrir börn.

Samstarfsfyrirlýsingin byggir á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þau skylda þá sem veita þjónustu til þess að efla eða tryggja farsæld barna og ungmenna, hvort sem hún er hluti af stjórnsýslu ríkis, sveitarfélags eða einkaaðila til að:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
3. Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Hér stíga yfirvöld fram með lög, stefnumörkun og aðgerðir til þess að undirstrika þetta í staðbundnu samhengi. Byggt er á ómetanlegri samstarfsreynslu kennara, þjálfara, stjórnenda, ráðgjafa, lögreglumanna, heilbrigðisstarfsfólks og annarra sem koma að stuðningi barna í nærsamfélagi þeirra. Samstarfsfyrirlýsingin auðveldar við að styðja börn og fjölskyldur þeirra á heildrænan hátt.

Pólska bókasafnið opnað í Gerðubergi



Frá opnuninni. Á myndinni ná meðal annars sjá Mirela Protopaba, Óskar Dýrmund Ólafsson hverfistjóra í Breiðholti og Mariska Kappert. Mirela og Mariska starfa hjá Fjölskyldumiðstöð Breiðholts og hafa aðstöðu í Gerðubergi.

Pólska bókasafnið var opnað og tekið formlega til notkunar í fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi fimmtudaginn 16. febrúar sl. Opið hús var í safninu á milli kl. 15:30 og 18:30, sem er venjulegur opnunartími safnsins í fjölskyldumiðstöðinni.

Engin formleg athöfn var við þetta tilefni en pólska sendiráðið sendi bækur til safnsins af þessu tilefni og gestum safnsins og fjölskyldumiðstöðvarinnar var boðið í kaffi og pólskt meðlæti. Þess skal geta að pólska bókasafnið á Íslandi tók fyrst til starfa í febrúar 2008 og

hefur verið í pólska sendiráðinu frá því fram til janúar 2023. Sendiráð Póllands styrkir safnið um bókakaup reglulega og mikið er af þýddum íslenskum bókum í mjög ríkulegu safni. Bækur Halldórs Laxness, nýjar skáldsögur og fleira eru þýddar á pólsku og skemmtilegt að segja frá því að á safninu er eintak af Sólku Völku frá 1963. Er þetta gott dæmi um þann ríka vilja Pólverja og sendiráðsins á Íslandi til að tengjast íslensku samfélagi og tengjast íslenskum böndum.



BH

BÍLAVIDGERÐIR

BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

APENA

HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

S

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED (SIDE) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

HEILSU
EFLANDI
BREIÐHOLT

Breiðholt

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR



UPPLÝSINGAR Á NÍU TUNGUMÁLUM
Í BÆKLINGUM OG MYNDBÖNDUM



www.facebook.com/breidholtid



www.instagram.com/breidholt.is



www.youtube.com
Þjónustumiðstöð Breiðholts

Seljakirkja

Einföld, fjölnota og yfirlætislaus kirkjumíðstöð

Árið 1980 voru íbúar Seljahverfis orðnir hátt í átta þúsund. Hverfið byggðist með ógnarhraða á áttunda áratugum. Margt ungt fólk settist þar að. Einkum vegna þess að þar var mörgum lóðum úthlutað eftir tíma þegar erfitt var að fá byggingalóðir í Reykjavík. Margra barnafjölskyldur fluttu í Seljahverfið. Það leiddi til þess að þar var lægstur meðalaldur í einu byggðarlagi á landinu. Fjölmennustu grunnskólarnir voru einnig í Seljahverfi á þessum tíma. Ölduselsskóli og Seljaskóli. Kirkjustarf fór þó fremur hægt af stað í hinni nýju Breiðholtbyggð. Seljahverfi sem öðrum byggðarhlutum. Breiðholtssöfnuður var stofnsettur árið 1972 og var honum í fyrstu þjónað frá Bústaðakirkju því engin ytri aðstaða var til í Breiðholti. Kirkjusókn var stofnuð í Fella og Hólmahverfi 1975 en Seljahverfið óx með hraði árin á eftir.

Seljasókn er því yngsta kirkjusóknin í Breiðholti en þar var líkt og í hinum hlutum byggðarinnar engin aðstaða fyrir safnaðahald. Um 1980 var hafist handa um byggingu kirkju í hinni nýju vesturbyggð Breiðholts. Skipuð var bygginganefnd og fór hún að huga að framkvæmdum. Í nefndinni voru Helgi Haflíðason, Páll R. Magnússon, Ómar Einarsson, Snorri Guðmundsson og sr. Valgeir Ástráðsson sóknarprestur sem var formaður nefndarinnar. Nefndin leitaði til Sverris Norðfjörð arkitekts um teikningu og hönnun kirkjubyggingar. Eftir að Sverrir tók verkefnið að sé fór hann að þreifa fyrir sér um bygginguna og skoða möguleika í samstarfi við bygginganefndina. Hugmyndin var að reisa hús sem hýst gæti fjölnota starfsemi. Kirkjulegar athafnir, fjölbreytt safnaðarstarf og starf frjálsra félaga. Að kirkjan gæti orðið einkonar félagsheimili í hverfinu. Þessi hugsun var nýmæli í kirkjubyggingum hér á landi sem löngum höfðu einkum og oft eingöngu verið hugsaður til þess að hýsa kirkjulegar athafnir. Einkum guðspjónustur og útfarir. Einnig var gert ráð fyrir því við hönnun kirkjunnar að hægt yrði að byggja hana í áföngum þar sem mikið verk væri að ræða.

Kirkjumíðstöð í Seljahverfi

Sverrir hófst strax handa í nóvemberlok árið 1982 voru teikningar kirkjunnar eða kirkjumíðstöðvarinnar eins og hún var kölluð kynntar safnaðarfólki. Byggingarnefndin gerði grein fyrir hugmyndum, sem að baki lágu. Vegna hins mikla notagildis kaus nefndin að kalla húsið kirkjumíðstöð. Kynning hugmyndanna fékk strax góðar viðtökur. Íbúar hverfisins áttuðu sig hvað verið var að gera og áhuginn til framkvæmda varð mikill. Kirkjumíðstöðin er fjögur hús með tengibyggingu. Tilgangur þess byggingarlags er að hægt væri að nota marga sali samtímis eða tengja þá saman ef það hentaði.

Einföld og yfirlætislaus

Fyrsti hluti kirkjunnar var vígður árið 1987 en síðasta álman var svo tekin í notkun árið 1999. Kirkjan er í hverfinu miðju og hefur sinnt hlutverki sínu sem þjónustumiðstöð við söfnuðinn vel en byggingarnefnd var falið á sínum tíma að hafa orðið „þjónusta“ að leiðarljósi. Kirkjan er einföld að sniði og yfirlætislaus, sem má segja að sé einkennandi fyrir stíl Sverris. Valgeir Ástráðsson þjónaði Seljakirkju um langt skeið en prestar þar eru nú Ólafur Jóhann Borgþórsson og Sigurður Hannesson (ekki Helgason eins og misritaðist í síðasta Breiðholtsblaði).



Seljakirkja er yfirlætislaus að utan en hið innra er hún fjölnota.



Frá tónleikum í Seljakirkju.



Netverslun:

sysstrasamlagid.is



Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

 Ingólfur Geir Gissurarson Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumiðari 896 5222 ingolfur@valholl.is	 Heiðar Friðjónsson Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356 heidar@valholl.is	 Hildur Harðardóttir Lögræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð 897 1339 hildur@valholl.is	 Snorri Snorrason Löggiltur fasteignasali 895 2115 snorri@valholl.is	 Hólmfríður Björgvinsdóttir Ritari 588 4477 ritari@valholl.is	 Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm., fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718 petur@valholl.is	 Anna F. Gunnarsdóttir Löggiltur fasteignasali Lista og innanhús Stílisti 892 8778 anna@valholl.is	 Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083 sturla@valholl.is	 Jónas H. Jónasson Lögg., eignaskiptayfirlysandir Aðstoðarmaður fasteignasala 842 1520 jonas@valholl.is	 Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali 695 8905 elin@valholl.is
--	---	--	--	--	---	--	--	--	---



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Velferðarráð

Stuðningur við börn og ungmenni einkennandi í ár



Fulltrúar frá styrkþegum velferðarráðs og borgarstarfsmenn

Áttán félög fengu styrk frá velferðarráði í ár. Stuðningur við börn, ungmenni og foreldra þeirra er einkennandi fyrir hæstu styrkina sem velferðarráð veitir í ár. Annars vegar eru veittir styrkir fyrir störf félags- og hagsmunasamtaka, með þjónustusamningi til eins eða þriggja ára. Þá eru veittir styrkir fyrir einstök verkefni.

Memmm Play hlut hæsta styrkinn, eða 11.870.000 krónur á ári næstu þrjú árin. Styrkurinn hlýtur félagið fyrir opinn leikskóla sem býður foreldrum eða forsjáraðilum og ungum börnum þeirra fjölskylduvæna aðstöðu til að leika og hitta aðrar fjölskyldur, ásamt því að fá fræðslu, stækka tengslanet sitt og barna sinna. Í opna leikskólann mæta mæður og fedur sem eru heima með börn sín í fæðingarorlofi og þau sem eru að bíða eftir leikskólaplássi. Þar er tækifæri fyrir foreldra til þess að eiga gæðastundir með börnum sínum en einnig tækifæri fyrir börnin að hitta jafnaldra sína og efla félagsþroska á mótandi aldri.

Börn í vímuvanda

Foreldrahús hlýtur næsthæsta styrkinn, eða 10 milljónir króna á ári næstu þrjú árin. Styrkurinn er í fyrsta lagi fyrir dagmeðferðarúrræðið VERU sem er fyrir unglinga í vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra. Í öðru lagi uppeldis- og sérfræðiráðgjöf fyrir foreldra eða forsjáraðila sem eiga börn með greiningar, til

dæmis adhd og einhverfu og annað tilfinningalegt, eins og kvíða og depurð. Í þriðja lagi er styrkurinn fyrir uppbyggingu námskeiða sem hafa það markmið að styðja og styrkja foreldra og forsjáraðila í foreldrahlutverkinu, sem eiga börn eða unglinga með hegðunar- og eða áhættuhegðun.

Verkefni sem ýta undir valdeflingu og samfélagsþátttöku

Hæsta styrkurinn til eins árs hlaut Afstaða til ábyrgðar, eða 4 milljónir króna. Styrkurinn er fyrir félagslegri aðstoð við fyrrverandi fanga í Reykjavík, fjölskyldur þeirra og sér í lagi börn þeirra.

Starfsþjálfun fyrir fólk af erlendum uppruna

Félagið Tækifærið fékk hæsta styrkinn til einstakra verkefna eða 1,5 milljónir króna. Tækifærið er heildstæð og valdeflandi uppbygging og starfsþjálfun fyrir ungt fólk af erlendum uppruna sem er utan vinnu og skóla.

„Nýsköpun í velferðarþjónustu verður oftast en ekki til þegar notendur og grasrótarsamtök mætast“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs. „Þess vegna erum við mjög ánægð að geta styrkt grasrótastarf og hagsmunasamtök. Það er okkur afar mikilvægt að eiga bæði í samstarfi og samráði við þau.“

Við eigum frábært úrval af skóm fyrir þig Stærðir 37-42

**belladonna**Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is**Útfararstofa Íslands**www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi**Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892**

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242Jóhanna
EiríksdóttirJón G. Bjarnason
S: 793 4455**Útfararstofa Hafnarfjarðar**www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms býður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólanámskeið
- Meiraprófsnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámsskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10-17 alla daga.

mwww.bilprof.is

Hverir eru brúarsmiðir



Fellaskóli er einn fjölmennasti fjölmenningarskóli landsins.

Í fjölmenningarsamfélagi eins og Breiðholti er nauðsynlegt að veita foreldrum ráðgjöf á sviði tungumála. Reykjavíkurborg er með brúarsmiði og/eða tvítungisráðgjafa hjá Miðju máls og læsis sem veitir foreldrum ráðgjöf. Þau tungumál sem um ræðir eru; íslenska, arabíska, enska, filippseyska, pólska og úkraínska.

Brúarsmiðir eða ráðgjafar eru; magdalena.elisabet.andresdottir@reykjavik.is sem er pólskumælandi brúarsmiður, kriselle.lou.suson.jonsdottir@reykjavik.is er ensku- og filippseyskumælandi brúarsmiður, oksana.shabatura@reykjavik.is er úkraínskumælandi brúarsmiður og salah.karim.mahmood@reykjavik.is arabísku- og kúrdískumælandi brúarsmiður. Þær bjóða upp á rafræna ráðgjöf fyrir foreldra af erlendum uppruna á eftirfarandi dagsetningum á milli kl. 9:00 til 10:30. 17. febrúar á pólsku, 3. mars á úkraínsku, 17. mars á arabísku og 31. mars á ensku og filippseysku. Foreldrar eru hvattir til að notfæra sér þessa þjónustu.

„Takk fyrir að sýna okkur að krabbamein er ekki dauðadómur“

Kolluna upp fyrir **Helgu!**

lifidernuna.is

KRAFTUR

Líkamsræktarhornið opnað í Árskógum



Harmonikkutónleikar í félagssarfinu í Árskógum.

Litla líkamsræktarhornið í Félagsstarfinu í Árskógum var tekið í notkun fimmtudaginn 19. janúar sl. Þar er að finna göngubretti, sethjól, rimla, trissu, teygjur, lóð og dýnur. Í samvinnu við Hollvinafélag Árskóga varð þessi aðstaða sem staðsett er á annarri hæð, loksins að veruleika. Þórey Kemp Guðmundsdóttir formaður Hollvinafélagsins, hélt opnunarræðu og klippti á borðann við mikinn fögnuð viðstaddra. Starfsmaður Félagsstarfsins leiðbeindi síðan á tækin og verður hér eftir með fastan viðverutíma á mánudögum kl. 10:30 til að leiðbeina þeim sem það vilja. Að öðru leiti er líkamsræktarhornið opið á opnunartíma Félagsstarfsins.

Óskir um líkamsræktaraðstöðu höfðu borið á góma þó nokkrum sinnum, á Félagsráðsfundum sem haldnir eru einu sinni í mánuði en á þeim fundum gefst fólki kostur á að koma með hugmyndir og ræða

starfið. Við að sjálfsögðu reynum að verða við þeim hugmyndum sem koma og hvetjum eindregið til sjálfbærra hópa og tómsunda.

Félagsstarfið Árskógum 4 er opið fyrir fullorðna átján ára og eldri, virka daga frá kl. 8:30 - 16 og eru allir velkomnir til okkar. Ásamt föstum dagskrárliðum eru ýmsir viðburðir og uppákomur og reynum við að hafa starfið sem fjölbreyttast þannig að flestir geti fundið eitthvað við hæfi og erum við afar ánægð með þessa líkamsræktaraðstöðu sem nú hefur bæst við okkar ágæta starf. „Við erum með öflugan facebook síðu og hægt er að fá allar nánari upplýsingar hjá okkur í síma 411 2600, á staðnum eða senda tölvupóst á netfangið arskogar4@reykjavik.is. Láttu sjá þig, þú ert hjartanlega velkomin til okkar,“ segir Anna Kr. Bjarnadóttir umsjónamaður félagsstarfsins.

Næturstæto ekur aftur í Breiðholt

Breiðholt er á meðal fjögurra næturleida sem eknar verða frá miðborginni í úthverfi Reykjavíkur. Hin hverfin eru Úlfarsárdalur, Norðlingaholt og Grafarvogur.

Reykjavíkurborg hefur gert þjónustusamning við Strætó sem mun hefja akstur næturstrætó innan Reykjavíkurborgar. Hófst aksturinn 24. febrúar og aka vagnarnir samkvæmt áætlun. Borgin er með þessu að svara ákalli um bættar samgöngur í miðbænum um helgar en ekki náðist samstaða í stjórn Strætó um að hefja aftur akstur næturstrætó á höfuðborgarsvæðinu. Því bar Reykjavíkurborg fram tillögu fyrir stjórn Strætó um þjónustu fyrir íbúa borgarinnar og bjóða upp á næturstrætó sem eingöngu gengur í Reykjavík. Stjórn Strætó samþykkti þessa tillögu en allur kostnaður vegna þjónustunnar mun falla á Reykjavíkurborg.



Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

Hólmsheiði

Stórfyrirtæki hafa áhuga á nýju athafnasvæði

Gagnaver, vatnsátöppunar-verksmiðja, þýrlustarfsemi og ferðaþjónusta eru hluti af starfsemi sem gæti byggst upp á nýju athafnasvæði Hólmsheiði við Suðurlandsveg. Mörg fyrirtæki hafa lýst áhuga á að vera með starfsemi á svæðinu í framhaldi af auglýsingu Reykjavíkurborgar og nú hefur borgarráð falið skrifstofu borgarritara og borgarstjóra að hefja viðræður um möguleg lóðarvilyrði.

Deiliskipulagsvinna er hafin og er áætlað að skipulag verði samþykkt á næsta ári og fyrstu lóðir verði byggingarhæfar árið 2024. Svæðið er 87 hektarar en verður gert byggingarhæft í áföngum. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem athafnasvæði undir landfreka starfsemi svo sem léttan iðnað, gagnaver, matvælaíðnað, vöruheimsliur og umboðsverslanir og aðra umhverfissvæna iðnaðarstarfsemi.

Gagnaver

Fyrirtækin sem sjá tækifæri á Hólmsheiði og boðið er til viðræðna eru þessi:

Verne Global sem er stærsta gagnaversfyrirtækið á Íslandi. Það var stofnað árið 2012 og hefur umtalsverða þekkingu á þróun og rekstri gagnavera við íslenskar



Þannig sjá arkitektar fyrirtækjakjana á Hólmsheiði fyrir sér.

aðstæður. Eigandi Verne er breski fjárfestingarsjóðurinn Digital 9 sem leggur áherslu á fjárfestingar sem draga úr kolefnisútblæstri. Áætluð fjárfesting fyrirtækisins á Hólmsheiði er um 400 milljón USD. Borgin mun gera kröfu um að fyrir liggi samningur um orku og skuldbinding um að rafeyrir verði ekki framleiddur á lóðinni.

North Ventures er alþjóðlegur hópur reynslumikilla aðila á sviði þróunar og uppbyggingar á gagnaverum sem óska eftir vilyrði um lóð undir gagnaver sem þau myndu í kjölfarið

kynna til stórra erlendra aðila. Reykjavíkurborg mun gera kröfu um að fyrir liggi samningur um orku og skuldbinding um að rafeyrir verði ekki framleiddur á lóðinni.

Útflutningur á vatni

ATP Holding þjónustar Alvotech sem eru á meðal stærstu fyrirtækja á Íslandi. Alvotech er sérhæfir sig í þróun líftæknilýfja. Á Hólmsheiði hyggst ATP þróa vöruhús fyrir Alvotech fyrir hráefni til lyfjaframleiðslu, húsnæði fyrir þökkun lyfja í „notenda umbúðir“



Óbygggt land á Hólmsheiði í dag.

og kæligeymslur fyrir lyf. Auk þess eru til skoðunar möguleikar á húsnæði til geymslu á rannsóknar- og framleiðslutækjum á svæðinu.

Parlogis er vörustjórnunar-fyrirtæki og felst starfsemi félagsins í vörustjórnun og dreifingu á hvers konar vörum og varningi. Vöruhús Parlogis eru sérhæfð fyrir lyf, lækningatæki og heilbrigðisvörur og þaðan annast Parlogis dreifingu varanna til viðskiptavina um land allt.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjuvörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísi. Á Hólmsheiði áætla Ölgerðin að reisa vatnsátöppunarverksmiðju sem nýtir vatn úr nærliggjandi brunni.

Þýrluflugvöllur

Fyrirtæki í þýrluþjónustu hafa óskað eftir stóru landsvæði undir flugvöll sem myndi þjóna þeirra þýrlum. Reykjavíkurborg mun leggja áherslu á að skapa aðstæður sem væru opnar fyrir fleiri en einn rekstraraðila á sama sviði og skoða fleiri svæði á Hólmsheiði en núverandi athafnasvæði.

Safari hjól er ferðaþjónustufyrirtæki sem rekur meðal annars fjórhjólaferðir við Úlfarsárdal í dag. Hugmyndir félagsins eru að byggja upp viðburðarferðaþjónustu á svæðinu í góðum tengslum við útivistarsvæðin í kring.

Velferðarráðuneytið er að leita að lóð undir vistunarúrræði sem gæti samnýtt einhverja innviði með fangelsinu á Hólmsheiði. Mögulegt er að lóðin verði utan skipulags athafnasvæðis.

Heilsugæslan í Efra-Breiðholti
Hraunbergi 6
s 513 5300



- 8-16
 - Viðtalstímar heilbrigðisstarfsmanna
 - Símatímar lækna
 - Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
 - Móttaka vegna smáslysa og bráðra veikinda
- 16-17
 - Móttaka lækna vegna smáslysa og bráðra veikinda

Við minnum á að ráðlegt er að koma árlega í eftirlit með langvinnum sjúkdómum svo sem sykursýki og háþrýstingi

Hraunberg Primary Health Care
Hraunberg 6
tel 513 5300



- 8-16
 - Appointments with health care staff
 - Telephone consultations with doctors and nurses
 - Walk-in service for minor injuries and sudden illnesses
- 16-17
 - Walk-in service minor injuries and sudden illnesses

We kindly remind those with chronic illnesses such as diabetes or high blood pressure to have yearly check ups

Erum að taka upp nýjar vörur VOR 2023



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Siðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715

Kynfræðslan hefur slegið í gegn



Á sviðinu í Breiðholt Got Talent.

Vika sex hófst núna á mánudaginn og er ótrúlega gaman að sjá að allir skólar og félagsmiðstöðvar eru að taka mjög virkan þátt í því með ungmennum okkar. Meðal annars að hengja upp plaggöt, ganga í bolum með QR kóðum að allskonar fræðslufni og hafa dagskránnar tengda inn á þemað í ár, sem er „Kynferðisleg hegðun“. Dagskráin í félagsmiðstöðvunum hefur slegið í gegn meðal unglingana en það hefur verið kynfærabakstur þar sem unglingar baka kökur í formi allskonar kynfæra, kynfræðslu Kahoot og Trúnó um allt tengt kynlífi og kynferðislegri hegðun. Hlökkum til að halda því áfram þangað til að ári.

Breiðholt Got Talent-Hæfileikakeppni félagsmiðstöðvanna í Breiðholti var haldin í 13. skipti í Breiðholtsskóla föstudagskvöldið 10. febrúar sl. samhliða henni var líka söngkeppni Breiðholts en sérstök dómnefnd sá um að velja besta söngatriðið. Mætingin í ár sló öll met en hún var svo góð að salurinn fylltist og keppendur gátu því miður ekki verið í salnum að horfa á atriðin eins og hefur tíðkast hjá okkur. Í heildina voru þetta í kringum 300 manns sem sóttu viðburðinn og var stemmingin í salnum mögnuð. Þrettán glæsileg atriði tóku þátt í ár (35 keppendur) en dómaraar völdu efstu þrjú atriðin sem áhorfendur í sal fengu síðan að kjósa um. Sigurvegarinn í ár var hún Zuzanna en hún bæði söng og spilaði af einstakri innlifun, Zuzanna kemur úr félagsmiðstöðinni 111. Í öðru sæti var hún Hera úr Hólmaseli einungis tveimur atkvæðum eftir siguratriðinu með glæsilegt dansatriði og í þriðja sæti var síðan hún Elina með flott söngatriði. Sigurvegari söngkeppni Breiðholts var Zuzanna og er hún því tvöfaldur sigurvegari í ár. Hún mun taka þátt fyrir hönd félagsmiðstöðvanna í Breiðholti í söngkeppni Samfés í byrjun maí.

Bæði áhorfendur og keppendur stóðu sig ótrúlega vel í ár, við erum ótrúlega stolt af unglingunum okkar í Breiðholti. Framtíðin er björt í Breiðholti!.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Carmelle Feliz sigraði



Carmelle Feliz Daomilas sigurvegari í Breiðholt Got Talent - Frístund.

Carmelle Feliz Daomilas sigraði í Breiðholt Got Talent – Frístund 2023. Keppnin fór fram þann 10. febrúar en það er hæfileikakeppni frístundaheimilanna í Breiðholti. Mikil og sterk hefð er fyrir þessari keppni og er þessi árlegi viðburður mjög vinsæll. Þrátt fyrir að um keppni sé að ræða er mikilvægt að hafa það í huga að öll börnin voru að stíga stór skref með því að fara upp á svið og sýna atriðin sín fyrir framan fullan sal af áhorfendum.

Kynnir keppninnar í ár var hinn stórskemmtilegi Hafsteinn Vilhelmsson sem flestir krakkar ættu að kannast við úr Krakkaskaupinu. Stýrði hann viðburðinum með glæsibrag.

Hvert frístundaheimili var sína eigin undankeppni þar sem fjöldinn allur af atriðum keppti um að komast í lokakeppnina. Á endanum voru 13 stórkostleg atriði

valin sem stigu á svið í hátíðarsal Breiðholtsskóla. Keppnin var gríðarlega hörð og spennandi og það var ótrúlega gaman að sjá hvað börnin í hverfinu okkar eru hæfileikarík. Áhorfendur fengu að sjá söngatriði, dansatriði, töfrabrögð og fimleika. Öll atriðin voru alveg frábær og það var úr vöndu að ráða fyrir dómnefndina en hana skipuðu: Gísli Þorkelsson, Stefanía Lilja Arnardóttir og Þorkell Már Júlíusson en þau eru öll starfsfólk félagsmiðstöðva í Breiðholti.

Siguratriðið í ár kom frá frístundaheimilinu Hraunheimum og var það hún Carmelle Feliz Daomilas sem stóð uppi sem sigurvegari, en hún söng lagið A million dreams. Við óskum henni að sjálfsögðu til hamingju með sigurinn. Við vonum að börnin haldi áfram að rækta sína hæfileika því þeir eru svo sannarlega til staðar í hverfinu okkar.

Orðasýning í Fellaskóla

Nú stendur yfir í Listafelli og í sal Fellaskóla sýning á uppáhaldsorðum nemenda. Hver nemandi og allir starfsmenn völdu sér jákvætt uppáhaldsorð.

Orðin voru prentuð út og hengd upp í Listafelli en einnig birtast þau á skjávarpa í sal skólans. Með þessu varð til þátttökuverk allra í skólanum. Daníel Heiðar Guðjónsson er hugmyndasmiður verksins og vann að sýningunni ásamt teymi um skapandi skólastarf. Sýningin í Listafelli stendur fram í mars og allir eru velkomnir að skoða.



tampi	unáberandi	áhugasamur	vinátta	knúsa	leika
líf	frelsi	sjálfstraust	gleðibros	elska	eiga
ástriða	lærdómur	menntun	ást	þolinmæði	von
skilningur	ástúð	bjartsýni	úræði	vinkona	gola
jákvæður	hugmynd	frelsi	jafnrétti	seigla	úðl
hallo	heiðarleiki	kurteisi	þolinmæði	dannaður	hamingja
samstaða	hugrekki	skemmtilegt	spennandi	klár	regnbogi
þjálfari	góðsemi	birta	ljúffengt	gaman	blóm
ástúð	ró	kærleikur	jákvæðni	útaleikir	ljósberi



Tyggjó bannað í Fellaskóla

Tyggjó er ekki leyfilegt í Fellaskóla. Því miður er vaxandi vandamál þegar þrifa þarf tyggjó af gólfum, undan borðum eða af veggjum.

Vinsamlega virðið þessa reglu segir í fréttu á heimasíðu skólans. Tyggjó er hvítleitt og sóðalegt þegar því hefur verið spýtt eða klínt á umhverfið að ógleymdri þeirri vinnu sem þarf til þess að þrifa það. Aðrir mættu taka reglur Fellaskóla til fyrirmyndar í þessu sambandi.



Skólaforðun, orsakir og úrræði

- ekki í boði að gera ekki neitt

Umræða um skólaforðun hefur aukist nokkuð síðan Velferðarvaktin fór að kanna umfang hennar. Nýlega var haldið málþing um skólaforðun. Skólaforðun felst í því að börn og ungmenni forðast að fara í skólann af einhverri ástæðu/ástæðum. Um þúsund íslensk börn eru talin glíma við skólaforðun og treysta sér ekki til að mæta í skólann.

Skólaforðun er ekki nýtt vandamál. Þær ástæður eða orsakir sem helst eru nefndar eru mest raktar til andlegrar vanlíðunar og kvíða. Ástæður og orsakir kvíða geta verið margvíslegar og margslungnar.

Í borgarstjórn mun borgarfulltrúi Flokks fólksins kallar eftir umræðu um helstu orsakir og það faglega umhverfi, ferli sem mál af þessu tagi fara í Reykvískum grunnskólum. Kallað er eftir umræðu um samræmd viðmið við að greina skólaforðun og hvernig þau viðmið geta nýst. Einnig er óskað eftir viðbrögðum meirihlutans við þeirri staðreynd að fagfólki skólans hefur ekki fjölgað síðustu ár samhliða fjölgun nemenda.

Öll þekkjum við biðlistann hjá Skólaþjónustunni í Reykjavík. Með hverri viku lengist listinn. Gera má því skóna að ákveðinn fjöldi barna á biðlistanum glími við skólaforðun. Nú bíða 2291 barn eftir þjónustu fagfólks skólanna.

Allir helstu lykilaðilar hafa rætt um biðlista barna til sálfræðinga og öðru fagfólki jafnt í ræðu, riti og á málþingum. Margir foreldrar í angist sinni upplifa sem kerfið hafi gefist upp á



Kolbrún Baldursdóttir.

barni sínu og fjölskyldunni.

Barnasáttmálinn sem lögleiddur er á Íslandi hefur ekki verið innleiddur í Reykjavík. Ef horft er til innihalds Barnasáttmálans má segja að brotið sé daglega á börnum í Reykvísku skólakerfi.

Í þessum málum sem öðrum tengdum börnum er ekki í boði að gera ekki neitt, eða gera lítið sem ekkert. Áhrif og afleiðingar langvinnrar skólaforðunar getur leitt til félagslegrar fötlunar einstaklingsins sem kemur niður á möguleikum hans að fara í frekara nám eða að stunda vinnu. Ef ekki næst að finna viðunandi lausn getur það litað allt líf þessara einstaklinga sem er ekki aðeins skaði þeirra heldur samfélagsins alls.

Kolbrún Baldursdóttir,
borgarfulltrúi.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtukerfi?

• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

BURSTAÐU HÚÐINA OG BYGGÐU ÞIG UPP FYRIR VORIÐ!



Óðinsgötu 1 101 Reykjavík systrasamlagi

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

@systrasamlagid
Sími: 511 6367

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Frístundir í Breiðholti

Verkefnið frístundir í Breiðholti er nú á síðasta ári, sem við höfum nefnt. Þ.e. þriggja ára verkefni til að auka á virkni barna og unglunga til íþróttar- og frístundaiðkunar í Breiðholti. Virknitölur eru að sýna að sú hvatning, sem við stöndum fyrir síðastliðin tvö og hálft ár, er að hafa áhrif. Má þar benda á ýmsar leiðir sem skipta máli; samvinna við skóla, frístundaheimili og alla sem bjóða upp á íþróttir og frístundir. En áherslur verkefnisins hafa verið til að sækja börn og unglunga til virkni. En einnig að auka á fjölbreytni íþróttar og frístunda í hverfinu. Tölurnar eru okkur í vil en betur má ef duga skal, eins og við höfum ítrekað nefnt, og þar er vísað í að þetta er langhlaup. En þetta á við um virknina en aðra þætti verður líka að skoða.



Jóhannes Guðlaugsson.

Í síðustu rannsóknum (Íslenskar æskulýðsrannsókir 2022) má sjá að börn almennt eru ekki að næra sig nógu vel. Hvatning til þátttöku er almennt að skila sér vel þó við þurfum að vinna mikla vinnu í að auka að fjölbreytni íþróttar og frístunda og einnig að ná til einstaklinga sem eiga við einangrun.

Það að börn séu ekki að næra sig vel þarf skoðunar við. Sú staðreynd sést vel í rannsóknnum barna 6., 8., og 10. bekkjar. Foreldrar þurfa að skoða þetta og við sem samfélag að velta því fyrir okkur af hverju eru börn ekki að næra sig nógu vel.

Ýmsir þættir í rannsókninni sem kom fram á dögnum eru áhugaverðir og mikilsvert að skoða. Almenn líðan, svefn, hreyfing ofl. En þetta stendur verulega út úr og þarf að skoða vel og ákveða aðgerðir, þ.e. hvaða næringu eru börn og unglingar að setja ofan í sig.

Við erum til samvinnu og gerum betur!

Jóhannes Guðlaugsson.
Frístundatengill í Breiðholti.



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 109 RVK



GETRAUNANÚMER
LEIKNIS ER 109



GETRAUNIR.IS

Getraunanr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Tveir nýir á láni hjá Leikni

Risatíðindi berast úr Breiðholtinu þetta fimmtudagskvöldið því einn dádasti sonur félagsins er kominn heim, í bili allavega. Danni Finns er kominn aftur til Leiknis á láni út tímabilið frá Stjórnunni. Með honum slást í hópinn U-19 landsliðsmaðurinn Ólafur Flóki Stephensen sem kemur að láni frá Völsurum.

Danna Finns þarf vart að kynna fyrir Leiknis-mönnum og þau tár sem runnu niður kinnar þegar við misstum hann til Garðbæinga í fyrra. Kappinn er kominn aftur til að keyra sóknarleikinn í gang með okkur í Lengjudeildinni og bjóðum við hann að sjálfsögðu hjartanlega og innilega velkominn aftur.

Ólafur Flóki er vinstri bakvörður sem hefur verið að æfa með úrtakshóp U-19 ára landsliðsins og mun sömuleiðis berjast með Stolti Breiðholts út tímabilið. Bróðir hans, Kristófer Konráðsson, var á láni hjá okkur síðasta sumar og hefur hann væntanlega borið okkur góða söguna. Við bjóðum Ólaf Flóka velkominn í hópinn og óskum honum góðs gengis.



Leiknismenn fagna nýjum liðsmönnum.

Andi Hoti í æfingahóp U-21

Andi Hoti úr Leikni hefur verið valinn æfingahóp í U-21 landsliði sitt fyrir vináttuleik við Írland í næsta mánuði.

Andi er 19 ára miðvörður/miðjumaður sem spilaði allt síðasta tímabil á láni hjá Aftureldingu í Mosfellsbæ. Hann á þegar undir beltinu sjö leiki fyrir U-18 ára landslið Íslands þar sem hann náði að skora tvívegis í þökkabót. Andi er kominn aftur í Breiðholtið og með brotthvarfi Bjarka Aðalsteins úr vörninni er gullið tækifæri fyrir þennan uppalda Leiknismann að taka af skarið enda hefur hann sýnt gæði sem velja athygli innan klúbbsins í nokkur ár.

Andi Hoti er kominn aftur í Leikni.



Arnór Ingi aftur í Leikni

Arnór Ingi Kristinsson hefur snúið aftur í raðir Leiknis en hann er kominn á láni frá Völsurum á Hlíðarenda.

Arnór er öllum hnútum kunnugur í Breiðholtinu en hann á að baki 46 leiki í meistaraflokki með Leikni í deild og bikar á síðustu þremur sumrum. Þessi 21 árs bakvörður fór til Valsara í glugganum í fyrra en snýr nú aftur til að aðstoða sitt gamla félag í baráttunni sem framundan er í Lengjudeildinni.



www.leiknir.com



B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



Þegar kemur að vandaðri vinnu

Stórmót ÍR

- Stórir fjárhagshvatar veittir

Stórmót ÍR í frjálsíþróttum það 26. í röðinni fór fram í Laugar-dalshöll dagana 23. og 24. janúar. Meira en 500 keppendur frá 28 félögum voru skráðir til keppni.

Margt af fremsta frjálsíþróttafólki landsins tók þátt í keppni ásamt upprennandi stjörnum frjálsra íþróttar. Keppt var í fjölþraut barna 10 ára og yngri og í hefðbundnum greinum í öllum aldursflokkum 11 ára og eldri. Til mikils var að vinna á mótinu. ÍR-ingar veittu þeim sem settu Íslandsmet á mótinu 100.000 krónur í verðlaunafé í samstarfi við skrifstofufyrirtækið Regus. Þá fengu þau sem náðu lágmarki á stórmót 300.000 krónur í sinn hlut. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkir fjárhagshvatar eru veittir á frjálsíþróttamóti á Íslandi.



Frjálsíþróttakrakkar spretta úr spori.

Erna svæðismeistari á nýju Íslandsmeti

Erna Sóley Gunnarsdóttir í ÍR varð á dögunum svæðismeistari á nýju Íslandsmeti í kúluvarpi kvenna innanhúss.

Erna átti glæsilega seríu og voru öll köstin yfir sautján og hálfan meter. Lengsta kastið kom í þriðju umferð og mældist það 17,92 metrar. Hún bætti því eigið Íslandsmet um 22 sentímetra og er þetta í þriðja skiptið sem hún bætir Íslandsmetið innanhúss í ár. Íslandsmetið hennar utanhúss er 17.29 metrar.

Svæðismeistaramótið (Conference USA Indoor Championships) fór fram í Birmingham, Alabama og er þetta þriðja árið í röð sem hún vinnur titilinn innanhúss. Hún hefur unnið hann tvisvar utanhúss, árin 2019 og 2022.



Kíktu í keilu – Það er gaman

Keiludeild ÍR er með keilu-æfingar fyrir krakka á öllum aldri. Æft er í Keiluhöllinni Egilshöll og fara æfingar fram mánudaga til fimmtudaga í vetur.

Nýir iðkendur eru boðnir velkomnir og er óhætt að prófa án kröfu um skráningu á vorönn 2023 – Hafið samband með pósti á keila@ir.is

Af hverju keila?

- Keila er fyrir alla, stráka og stelpur.
- Hentar vel fyrir þá sem finna sig ekki í stóru hópíþróttunum.
- Er félagsleg efling – Æft er með öðum en þó er hver á sínum forsendum.
- Keila er skemmtileg.





GETRAUNANÚMER ÍR

109





ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Joserabúðin
Ögurhvarfi 2
joserabudin.is

Josera
þráð af vináttu



Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



Velkomin í FB



Fjölbreytt nám í skapandi umhverfi

- Félagsvísindabraut
- Framhaldsskólabraut
- Íþróttabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin braut
- Starfsbraut
- Tölvubraut
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Sjúkraliðabraut
- Snyrtibraut
- Fata-og textílbraut
- Myndlistarbraut
- Nýsköpun, hönnun og listir

Undirbúningsnám fyrir skapandi nám á háskólastigi.
Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi,
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.fb.is



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti